

STJÓRNARTÍÐINDI B 73 – 1996

10. október 1996

1337

Nr. 525

AUGLÝSING

um innflutning á sláturafurðum sem ekki hafa fengið hitameðferð.

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 479/1995 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar berist til landsins og um takmörkun á innflutningi dýra, sem fengið hafa vaxtaraukandi efni, skulu þau vottorð og önnur gögn sem auglýsing þessi kveður á um liggja fyrir við tollafgreiðslu á vörum sem koma frá löndum sem talin eru upp í 2. gr. og yfirdýralæknir hefur viðurkennt.

1. gr.

Skriflegt leyfi landbúnaðarráðuneytisins ásamt vottorðum sem krafist er samkvæmt 3. gr. þessarar auglýsingar skal liggja fyrir við innflutning á landbúnaðarvörum sem ekki hafa hlotið hitameðferð og flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0208 og 0210 í tollskrá, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987.

2. gr.

Innflutningur er heimilaður frá eftirtöldum löndum, að uppfylltum skilyrðum 3. gr.

Svíþjóð:	Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum
Noregur:	Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum
Finnland:	Kjöt af svínum og kjöt og ætí hlutar af alifuglum
Grænland:	Hreindýrakjöt

Ráðuneytið getur hvenær sem er tilkynnt með auglýsingu breytingar á upptalningu landa samkvæmt þessari grein.

Heimilt er að flytja inn hreindýrakjöt og alifuglakjöt með beini. Eingöngu er heimilt að flytja inn úrbeinað svínakjöt.

Innflutningur á öðrum sláturafurðum eða vörum frá löndum sem ekki eru tilgreind hér að framan er einungis heimill með sérstöku leyfi landbúnaðarráðuneytisins að uppfylltum þeim heilbrigðiskröfum sem það setur sbr. reglugerð nr. 479/1995.

3. gr.

Innfluttum vörum sem flokkast í vöruliði 0203, 0207, 0208 og 0210 sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, og ekki hafa hlotið fullnægjandi hitameðferð, skulu fylgja þau vottorð sem hér greinir:

- a. Opinbert upprunavottorð, sem staðfestir að varan sé framleidd í landi sem talið er upp í 2. gr.
- b. Opinbert heilbrigðisvottorð frá löndum sem hlotið hafa staðfestingu yfirdýralæknis og talin eru upp í 2. gr. auglýsingar þessarar.
- c. Vottorð fylgi vörunni um að sláturdýrunum, sem afurðirnar eru af, hafi ekki verið gefin vaxtarhvetjandi lyf á eldistímanum.
- d. Vottorð um að varan hafi verið í frosti $> -20^{\circ}\text{C}$ í a.m.k. einn mánuð.
- e. Sláturdýrum hafi verið slátrað í sláturhúsum og afurðirnar unnar í vinnslustöðvum sem viðurkenndar eru af Evrópusambandinu eða Bandaríkjum Norður-Ameríku sem útflutningshús.
- f. Að kjötið sé laust við Salmonellusýkla.
Leiki vafi á gildi heilbrigðisvottorðs eða upplýsingar eru óljósar, skal leita álits yfirdýralæknis sem sker úr um gildi vottorða.

4. gr.

Auglýsing þessi öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 263/1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. október 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um íslensk vegabréf, nr. 169 22. apríl 1987.

1. gr.

3. mgr. 6. gr. orðist svo:

Óheimilt er að framlengja gildistíma vegabréfs. Dómsmálaráðherra getur þó, þegar sérstaklega stendur á, ákveðið almennt að framlengja megi vegabréf í allt að eitt ár.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um íslensk vegabréf, nr. 18 11. febrúar 1953, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. október 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.